

**Ed.**

### **342. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 14 9. janúar 1935, um sildarverksmiðjur ríkisins.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

**1. gr.**

1. málsgrein 4. gr. laga nr. 14 9. janúar 1935, orðist þannig:  
Stjórn sildarverksmiðja ríkisins skal skipuð þrem mönnum, sem atvinnumála-  
ráðherra tilnefnir til þriggja ára í senn, í fyrsta sinn þó aðeins til ársloka 1937. Á  
sama hátt skipar ráðherra þrjá varamenn í stjórnina til jafnlangs tíma. Ráðherra  
skipar formann og varaformann stjórnarinnar.

**2. gr.**

Í stað orðsins „þrír“ í 3. málsgr. sömu lagagreinar komi: tveir.

**3. gr.**

Í stað orðsins „þriggja“ í niðurlagi 4. málsgreinar sömu lagagreinar komi:  
tveggja.

**4. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi og skipar ráðherra stjórn sildarverksmiðja ríkis-  
ins samkvæmt þeim þegar eftir gildistöku þeirra. Fellur þá jafnframt niður umboð  
allra núverandi stjórnarnefndarmanna.

**5. gr.**

Lög þessi falla úr gildi 31. desember 1937.